

Skólaráðsfundur 26.október 2015

Fundur settur kl.16.05 í rauðafundarherberginu.

Fundarstjóri : Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari : Sólveig Jensdóttir

Mættir : Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Freyja Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Þórhallur Ingi Jóhannsson fulltrúi foreldra, Ólöf Kristín Sívertsen fulltrúi foreldra, fulltrúar nemenda Ragnar Bjarni Zoega og Elín Ása Einarsdóttir.

1. Starfsáætlun skólans var lögð fyrir og sköpuðust umræður um vinnumat kennara.
2. Kosning ritara, fundarmenn sammála um að skiptast á, hver fundarmanna sér um einn fund.
3. Fulltrúar nemenda kynntu sig, Ragnar Bjarni 10-ÓKJ og Elín Ása 10-EE, JM bað þau um að tilnefna varamenn úr 9.bekk.
4. Fulltrúi grenndarsamfélagsins Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir gefur kost á sér í skólaráðið og er hún samþykkt einróma.
5. Skólabyrjun fer vel af stað, engar athugasemdir hafa borist vegna vetrarleyfis, margir nemendur nýtt sér daga í kringum leyfið til ferðalaga. Frístund var opin og 40 börn nýttu sér opnunina, núna eru 105 börn í 3. og 4.bekk í Frístund, en á síðasta ári voru þau 60. Frístund komin með betri aðstöðu og þau hafa aðgang að eldhúsi svo hægt er að baka o.fl.
6. a) Mötuneytissalur er rýmri eftir að Höfðaberg var opnað og þrískipt er í matsalinn, nú borða allir árgangar í matsal og engir í stofum, eftir mat hafa 6. og 7. bekkingar val um að fara út, eða setjast í sínar stofur sem eru hafðar opnar.
Ábending um að vanti áhöld í grænmeti og ávexti vegna sýkingarhættu, JM sendir fyrirspurn til eldhúss.
Úrbætur vegna hávaða í matsal hafa verið gerðar, fengin voru felliborð í stað stóla, hljóðvistarplötur settar á vegg, plastdiskar í stað glerdiska og verið er að setja upp þæfð ullarverkefni nemenda, bæði í glugga og svo koma þau líka á vegg.
Starfsmenn í matsal eru 2 – 3 skólaliðar og einnig stuðningsfulltrúar alls 5 – 6 manns.
Tillögur um að mæla hljóðvist svo hægt sé að sjá hvernig hljóðið berst um rýmið.
Góð breyting á fyrri frímínútum nemenda síðan að Vinaliðaverkefnið fór af stað, lítið um pústra enda flestir önnun kafnir í leik.
b) Bílastæðavandi Höfðabergs er í vinnslu, verktaki gekk ekki rétt frá bílastæðum, nú er verið að reyna að finna nýjan verktaka til að ganga frá, bent á að gott væri að hafa hringakstur skólarútu á stæðinu, Jóhanna sendir póst á umhverfissvið og komið er svar frá henni/þeim sendi JM póst á alla fundarmenn þ.28.okt kl.18.02.
Áætlun á verklokum með innréttingar í síðasta húsinu eru í febrúar.
7. Hreystivöllurinn er kominn upp að hluta samkvæmt áætlun. Næsta ár er ráðgert að kaupa hreystitæki og setja setpalla á lóðina þar sem lausu stofurnar voru. Búið er að loka fyrir innakstur bíla á lóðina á skólatíma.
a) Dekkjakurlið á sparkvellingum, send verður fyrirspurn til bæjarráðs um hvar er dekkjakurl og fá upplýsingar um hvernig kurl er hjá okkur, þrjár gerðir af kurlu eru til og ein þeirra hættuminnst, ÍSÍ er að vinna að drögum um endurnýjun á völlum.
Skólaráð ætlar að senda erindi til bæjarráðs, Ólöf ætlar að setja upp drög að erindinu.
8. Umferðaröryggi og framkvæmdir, vísa til áðurnefnds bréfs frá JM þ.28.okt.

9. Fjárhagsstaða skólans. Í upphafi 2015 var 11,5 milljóna hagræðingarkrafa. Þeirri hagræðingu var mætt síðari hluta ársins, dregið úr hópaskiptingu á unglíngastigi og einnig í 7.bekk, fjölgað var í list- og verkgreinahópum svo hægt var að fækka hópum.
Bekkjarkvöld með kennurum eru í athugun, búið er að leggja niður „pottinn“ nýttist í launahækkanir. Fjárhagsáætlun eftir hagræðingu er áætluð 813 millj. Í athugun er að innleiða kvótakerfið aftur frá 2008.
10. Höfðaberg er komið í það form sem þar verður næstu ár. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis sem sér um úttekt kemur í skólana árlega og skýrslan send til bæjarins og Áhaldahúsið sér um framkvæmd ef eitthvað þarf að lagfæra.
Óháður úttektaraðili kemur 4. hvert ár, næst 2017, en Höfðaberg verður tekið út í ár. Brunavarnir og rýmingaráætlun fyrir Höfðaberg er í vinnslu hjá Öryggisnefnd í samvinnu við Höfðaberg.
11. Fjárhagsáætlun 2016 er í vinnslu.
Vinnueftirlitið kemur svo og gerir úttekt, allar skoðanir eru samkvæmt áætlun.
12. Öryggisvélar. Það eru komnar upp fimm vélar, þrjár úti og í báðar tölvustofur, aðgang að upptökum hafa Jóhanna skólastjóri, Ásta Steina deildarstjóri og aðstoðarmaður skólastjóra og kerfisstjóri, upptökur er geymdar í 30 daga.
13. Mentor. Dagbókarskráningar færast ekki á milli skóla og eru aðgangsstýrðar í skólanum sem nemandinn sækir hverju sinni. Kennarar hafa aðgang að upplýsingum um sína nemendur, dagbókarfærslurnar vistar hjá Mentor.
14. Fulltrúar nemenda segja frá félagslífi og starfi nemendaráðs, búið er að halda eitt ball og annað í farvegi fyrir 8. – 10.bekkinga í samstarfi við Varmárskóla og félagsmiðstöðina Bólið.
Verið er að athuga með að fá Pál Óskar á árshátíðina og einnig í athugun með skemmtikvöld þar sem hver bekkur kemur með atriði og uppákomur.
Föstudaga er áætlað að hafa uppbot á klæðnaði eða annað sem tengja má við það sem er í gangi í þjóðfélaginu hverju sinni.
15. Önnur mál, fulltrúar foreldra sögðu frá því að ekki yrði jólabingó en fyrirhugað páskabingó. Svo ætla þau að reyna að innleiða foreldrasamkomulag inn í skólann/bekki og fá leiðbeiningar frá Heimili og skóla.

JM slítur fundi kl.17.50

29.október

Fundarritari

Sólveig Jensdóttir